

Menningarmiðstöð Hornafjarðar



Fornleifaskráning 2019

Minjaúttekt við Dalbraut 2, Höfn í Hornafirði

Sigríður G. Björgvinsdóttir

Janúar 2019



Efnisyfirlit


Inngangur	1
Heimildir og minjar.....	2
Minjakönnun/Niðurstaða	3
Heimildir:	4
Viðauki:	5

Inngangur

Að beiðni skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjörður var gerð minjakönnun á lóð við Dalbraut 2 Höfn í Hornafirði, vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Á lóðinni stendur bygging sem reist var á árunum 1971-1973 fyrir mjólkurstöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Mjólkurvinnsla var starfsrækt í stöðinni í rúma tvo áratugi. Í dag er þar rekið Gistiheimilið Mjólkurstöðin og samkvæmt deiliskipulagstillögu stendur til að stækka núverandi byggingu, að líkindum til vesturs (sjá uppdrátt á mynd 1).

Farið var á vettvang 7. janúar 2019 og framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, eins og lög gera ráð fyrir.¹ Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um úttektina ásamt skýrslugerð. Í skráningavefsjá Minjastofnunar Íslands fékk skráningin verkefnanúmerið 2005.



Mynd 1. Deiliskipulagsuppdráttur af lóðinni Dalbraut 2, Höfn í Hornafirði (t.v.), unninn af Eflu verkfræðistofu. Mynd hægra megin sýnir hluta úr Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Lóðin er innan svæðis sem skilgreint er fyrir verslun og þjónustu (VP4, sjá rauðan hring).

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Mynd 2. Lóðin Dalbraut 2, hér horft til austurs. Á lóðinni stendur bygging sem reist var á árunum 1971 – 1973, Mjólkurstöðin. Í dag hýsir hún gistiheimili. Ljós. SGB, jan. 2019.

Heimildir og minjar

Lóðin Dalbraut 2 er á horni Dalbrautar og Hafnarbrautar, nyrst í íbúðabyggðinni á Höfn (mynd 2). Deiliskipulagsreiturinn sem hér um ræðir er hluti af fyrrum ræktunarlöndum Hafnarbúa, áður land jarðarinnar Hafnarness. Árið 1928 fór jörðin úr ábúð og fékk kaптúnið Höfn 2/3 hluta jarðarinnar undir sína lögsögu.² Ári síðar fékk nýstofnað Ræktunarfélag Hafnarkauptúns úthlutað hagabeitar- og ræktunarlandi úr landi Hafnarness, þar skiptust á mýrar og grösugir hólur. Ræktunarlöndin náðu frá Móhól í suðri að Langhólanesi í norðri, að jarðarmörkum kaптúnsins og Hafnarness.³ Landið var afgirt og ræst fram, plægt og herfað. Sáð var grasfræi, ræktaðar kartöflur og rófur. Ræktunarlöndin voru í notkun fram yfir miðja 20. öld þegar þau voru tekin undir þjónustu- og íbúðarbyggð.

Í byggðasögu svæðisins⁴ og örnefnaskrá⁵ er ekki getið mannvirkja eða annarra minja innan skipulagsreits eða í næsta nágrenni hans, fyrir tíma ræktunarreitanna. Eins og ofar greinir var landsvæðið tekið undir skipulagða ræktun árið 1929 og ekki líklegt að þar hafi verið reist mannvirki önnur en geymslukofar og skúrar, eða þess háttar sem tilheyrði þeirri ræktun sem átti sér stað innan hvers ræktunarskika.

² Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

³ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 50

⁴ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 157-158

⁵ Örn.skrá -Hafnarnes, 1-4



***Mynd 3.** Myndkort er sýnir úttektarsvæðið varpað á loftmynd Loftmynda ehf. Kortagerð SGB, jan. 2019.*

Minjakönnun/Niðurstaða

Engar þekktar né sjáanlegar jarðlægar minjar eru á lóðinni og framkvæmdasvæðið er nú þegar raskað vegna fyrri framkvæmda (sjá myndir 2 og 3 og í viðauka). Ritaðar heimildir um Hafnarnes sem og upplýsingar frá staðkunnugum gefa ekki vísbendingu um að mannvirki hafi staðið innan lóðamarka Dalbrautar 2 eða í nágrenni þeirra. Byggðasaga jarðarinnar nær a.m.k. aftur til ársins 1703 skv. manntali og í ljósi þeirrar sögu gætu minjar leynst undir sverði. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngripir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Heimildir:

Arnbór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði (fyrri bindi) Aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Arnbór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði (síðara bindi) 1940-1975*. Hornafirði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Bjarni Bjarnason (1976). Byggðasaga Hafnarhrepps- Hafnarnes. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, III. bindi* (bls. 153-161). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Efla, verkfræðistofa (2018). *Dalbraut 2 Höfn í Hornafirði, Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis 02.11.2018*. Sótt 07.01.2019 á <http://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Deiliskipulagstillaga-Mjolkurstodin.pdf>

Loftmyndir ehf (2017). Loftmynd nr. *Hofn2017_683_424*. GeoTIFF lágflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Manntal á Íslandi 1703 (1924-1947). Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík, Hagstofa Íslands.

Örnefnaskrá – Hafnarnes. Stefán Einarsson skrásetjari, heimildarmenn: Jón Ófeigsson og Ófeigur Jónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki:



Mynd 4. Dalbraut 2, horft til norðvesturs meðfram suðurhlið Mjólkurstöðvarinnar. Ljós. SGB, jan. 2019.



Mynd 5. Dalbraut 2, horft til norðvesturs norðan megin við byggingu. Ljós. SGB, jan. 2019.